


Ársáætlun 2012-2013



01.09.2012

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Starfsáætlun leikskóla	3
Mat á leikskólastarfi	3
Innra mat leikskólans árið 2012 – 2013	4
Ytra mat	4
Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	4
Matsáætlun næsta leikskólaárs	4
Áherslur leikskólans fyrir næsta leikskólaár	4
Áherslur leikskólans vegna Starfsáætlunar Leikskólasviðs	4
Starfsmannamál / starfsþróun í leikskólanum	5
Barnahópurinn	5
Foreldrasamvinna	5
Samstarfs leik- og grunnskóla	5
Almennar upplýsingar	6

Fylgirit:

1. Umsögn foreldraráðs
2. Leikskóladagatal
3. Þróunarverkefni

01.09.2012

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir Aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Skólanámskráin á að vera aðgengileg á heimasíðu leikskólans. <http://www.geislabaugur.is/>

Leikskólinn Geislabaugur tók til starfa í 1. júlí 2004 Leikskólinn stendur við hringtorg Gvendargeisla og Þorlaksgeisla við Kristnibraut 26 í Grafarholti. Flest börnin búa í göngufæri frá leikskólanum einnig er stutt í ósnerta náttúruna. Lóðin í kring um leikskólann er stór og gefur mikla möguleika á góðri hreyfingu, hluti lóðar hefur verið girtur af fyrir matjurtagarð og leiksvæði fyrir yngri börnin. Í Geislabaugi leggjum við mikla áherslu á að við séum góð fyrirmynd í allri framkomu gagnvart öðrum og að hér ríki gott andrúmsloft, starfsfólki líði vel og hafi jákvætt viðhorf til starfsins í heild sinni. Við leitumst við að hafa gott upplýsingastreymi, skýrar vinnureglur og hvetjum kennara til að sýna ábyrgð, frumkvæði og að þeir láti ljós sitt skína. Uppeldisstefna leikskólans er í anda Reggio Emilia

Starfsáætlun leikskóla

Leikskólasvið Reykjavíkurborgar hefur þá stefnu að ár hvert skulu leikskólar borgarinnar og sjálfstætt starfandi leikskólar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skila starfsáætlun fyrir komandi leikskólaár, eins og kveðið er á um í lögum um leikskóla nr. 90/2008. Þar er jafnframt kveðið á um að starfsáætlun skuli lögð fyrir foreldraráð leikskólans til umsagnar.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Leikskólasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir Leikskólaráð til samþykktar.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun Leikskólasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Skóladagatal fyrir árið.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

01.09.2012

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati Skóla- og frístundasviðs og/eða Menntamálaráðuneytis.

Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

Innra mat leikskólans

Undanfarin ár hafa deildarstjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarskólustjóri og skólustjóri farið á afskekktan stað og unnið þar að endurmati í einn dag. Farið var í apríl og var vetrarstarfið endurmetið út frá spurningalista sem allir kennarar skólans höfðu svarað.

Þessi spurningalisti var unninn út frá ársáætlun, skólanámskrá og aðalnámskrá leikskóla. Við mátum einnig ýmsa viðburði á deildarstjórafundum, deildarfundum og skipulagsdögum. Einnig tóku börn á elstu deild þátt í mati deildarinnar og komu með hugmyndir.

Þeir matslistar sem lagðir voru sérstaklega fyrir börnin voru HLIÓM-2, sem lagður var fyrir börn í elsta árgangi og íslenski þroskalistinn sem lagður var fyrir þau börn sem talin voru þurfa á því að halda.

Einstaklingsnámskrá var gerð fyrir þau börn sem þess þurftu. Leikskólinn hefur ekki farið þá leið að gera einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn en unnið er með ferilmöppur fyrir hvern einstakling þar sem haldið er utan um skráningar, teikningar og annað varðandi þroska barnsins.

Samskiptabækur voru notaðar fyrir ákveðna einstaklinga þar sem bókin fór heim einu sinni í viku hjá sumum börnum en daglega hjá öðrum. Margir teymisfundir voru haldnir bæði með fulltrúum frá þjónustumiðstöðinni og Greiningar- og ráðgjafastöðinni.

Símenntun

Kennarar Geislabaugu voru duglegir að sækja ýmis námskeið og fyrirlestra.

SARE dagurinn, en SARE eru samtök áhugafólks um Reggio Emilia hugmyndafræðina, féll niður að þessu sinni en í staðinn héldu leikskólinn Geislabaugur og leikskólinn Aðalþing sameiginlegan skipulagsdag í Geislabaugi þar sem skólarnir skiptust á að miðla reynslu og áherslum í sínum skólum. Þetta var mjög gefandi og áhugaverður dagur sem gaman væri að endurtaka með fleiri skólum.

Sérkennslustjóri sótti námskeið um foreldrafærni og einnig fór hún á stórt námskeið um ABILIS, en það er nýtt kerfi sem á að halda utanum hagnýta atferlisþjálfun.

01.09.2012

Tveir kennarar fóru á námskeið um hvernig á að fyrirbyggja erfiða hegðun. Fjórir kennarar sóttu námskeið í uppeldisfræðilegri skráningu og fimm kennarar fræddust um skapandi starf í leikskólanum Sæborg, Að skapa en ekki apa. Aðstoðarskólalastjóri sótti ráðstefnu um vinsamlegt samfélag.

Þrjú kennarar fóru á námskeið um einhverfu og atferlisþjálfun og fjórir kennarar sóttu námskeið um PECS sem er boðskipta prógramm fyrir einhverfa.

Þrjú kennarar sóttu málþing um karlmenn í leikskólum. Leikskólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri sóttu málþing um nýju aðalnámskrána. Aðstoðarleikskólalastjóri og allir deildarstjórar sóttu fyrirlestur um foreldrasamstarf hjá Skóla- og frístundasviði.



Skólalastjóri og aðstoðarskólalastjóri fóru á fyrirlestur á vegum Skóla- og frístundasviðs um réttindi og skyldur starfsmanna. Einn kennari fór á vörðráðstefnu greiningarstöðvarinnar.

Lone Jensen hélt fyrirlestur þar sem fjallaði um vinnugleði – allir kennarar sátu þann fyrirlestur á skipulagsdegi. Skólalastjóri og sérkennslustjóri sóttu málþing um innleiðingu jafnréttis í skólum á vegum Kennaraháskólans.

Ingólfur Valur Gíslason Dósent í félagsfræði við Háskóla Íslands kom nokkrum sinnum á deildarstjórafundum og var sérstakur ráðgjafi varðandi þróunarverkefnið okkar sem heitir –Nú skal segja. Á skipulagsdögum skiptust kennarar á að fræða um hin ýmsu svið starfsins, s.s. svæðavinnu, ferilmöppur, könnunarleikinn, einhverfu o.fl.

Ytra mat

Foreldrakönnun var gerð á vegum Leikskólasviðs í mars 2011. Foreldrar svöruðu spurningum rafrænt. Í heildina kom könnunin vel út eða 98,6 % eru ánægðir með skólann. Svarhlutfall var 76,5% .

Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Mikil ánægja er með nýtt dagskipulag skólans eftir að við breyttum kaffitímum kennara en nú er einn kaffitími á dag eftir hádegið 35 mínútur. Meiri samfelldur tími er fyrir börnin í leik og starfi. Svæðavinnan gengur vel en margt má betur gera.

Það má samræma litina á svæðunum á öllum deildum þannig að græna svæðið sé í græna herbergi o.s.fv. Kynna svæðin vel fyrir börnunum í byrjun og leyfa þeim að fara og kynna öllum svæðunum t.d 2-4 fyrstu vikurnar áður en þau velja sér svæði.

Kennarar vilja fá betri kynningu á læsissvæði það verður farið yfir þetta allt á fyrsta skipulagsdeginum okkar 14 september.

Stöðug þróun er á vinnu með ferilmöppur barnanna. Nú í haust 2012 fóru elstu börnin með ferilmöppur heim eftir 4 ára leikskóladvöl. Allir voru sammála um að það vantaði meiri tíma til þess að skrá og spurning hvort hægt er að nota tímann milli 8-9 ef það er rólegt allavega á tveimur elstu deildunum. Kennarar vilja líka fleiri myndavélar á deild allavega 2 vélar á deild.



Setja þarf ábyrgðamenn á ferilmöppurnar þannig að t.d einn kennari sjái um 5-10 möppur.

Ferilmöppurnar verða einnig notaðar í foreldrasamtölum.

Við byrjuðum á að hafa val milli deilda annan hvorn föstudag síðasta vetur það reyndist vel og börn og kennarar mjög ánægð.

Við gerðum verklagsreglur sem virka vel.

Deildarstjórafundir verða áfram einu sinni í viku og deildarfundir aðra hvora viku á hverri deild. Þá hjálpast kennarar að og aðstoða hverjir annan meðan á fundunum stendur.



Læsi er stór þáttur í leikskólastarfinu. Erum við ekki bara að tala um að læra að lesa heldur að lesa í umhverfi okkar, samskipti og aðstæður, leggja orð á hluti og athafnir og vanda íslenskt mál. Við ætlum að lesa meira fyrir börnin. Það verður a.m.k. ein lestrarstund fyrir öll börn á hverjum degi í samverustund og /eða í hvíldartíma. Svo má alltaf brjóta upp leikinn í svæðavinna og taka bók í hönd.

Undanfarin þrjú ár höfum við haft opið hús á virkum degi og þá á föstudegi seinni part. Það hefur reynt ágætlega en þarf miklu meiri skipulagningu heldur en

þegar þetta var á laugardegi. Þá komu börnin með foreldrum sínum en nú erum við að taka á móti gestum og líka með fullt hús af börnum. En opna húsið gekk ágætlega nema að næsta vetur ætlum við bjóða upp á kaffi og köku og kennarar skiptist meira á að vera inni og úti svo allir geti notið þess að vera með á opna húsinu.

Við erum á rétttri leið hvað varðar uppeldislega skráningu í leikskólanum, við munum leggja enn frekari áherslu á að vinna úr skráningum og nýta þær með börnunum til að gera gott starf betra. Að hver deild setji sér að gera a.m.k. eina skráningu í mánuði sem unnin er til enda, setja af stað skráningarfundir þar sem kennarar hittast og vinna áfram með skráningarnar.

Höldum áfram með okkar föstu hefðir s.s. búningagerð, náttfataball, ömmu og afakaffi, foreldrakaffi, opið hús, sumarhátíð o.fl. Fjölmeningardagar verða ekki á dagskrá í vetur þar sem við ætlum að leggja mikinn kraft í þróunarverkefnið okkar sjá [fylgiskjal 3](#)

Við ætlum áfram að vera umhverfisvæn og minnka rusl sem kemur frá skólanum, huga að og fræðast um leiðir til að spara orku og efla endurvinnslu.

Annars voru allir sáttir með leikskólastarf vetrarins. Jákvæður og góður andi hefur verið í húsinu. Börnin eru ánægð með fastar hefðir í skólanum en vilja hafa meiri áhrif á uppkomudaga s.s. grænmetis og ávaxtadaga, draugadaga, dótadaga, rugludaga, litadaga, hattadaga o.sv.frv. 😊

Matsáætlun næsta leikskólaárs

Eftirtaldir matslistar verða lagðir fyrir næsta vetur. Hljóm 2 fyrir fimm ára börnin. Við stefnum að því að nota matsaðferð sem snýr að sjálfshjálpi og félagsfærni sem gefið var út af skóla og frístundasviði. Námskrá leikskólans verður endurskoðuð og samræmd við nýja aðalnámskrá. Byrjum væntanlega á þeirri vinnu í vetur.

Við munum einnig halda áfram að meta starfið jafn óðum á deildarstjórafundum sem eru í hverri viku. Spurningalistar til kennara og foreldra verða lagðir fyrir. Einnig er fyrirhugað að gefa börnunum tækifæri á að koma sínum skoðunum á framfæri.

Faglegar áherslur í starfi leikskólans

Áherslur leikskólans fyrir næsta leikskólaár

- Aðal markmið leikskólans er að halda áfram að fylgja eftir áherslum okkar í Reggio Emilia, og vinna að þróunarverkefninu um kynjauppeldi.

01.09.2012

- Sótt var um framhaldsstyrk hjá þróunarsjóði leikskóla og fengum við hann. Í vetur munum við helga eina viku í mánuði í markvissa vinnu tengda þróunarverkefninu. Verkefnið gengur út á að skoða hvernig börnin stelpur og strákar tala saman og greina undirliggjandi viðhorf þeirra hvort til annars. Að skoða hvernig leikskólinn mætir mismunandi þörfum stelpna og stráka. Auka meðvitund kennara um viðhorf sín og hvernig þeir koma þeim á framfæri í orðum og gjörðum. Hefja upp það sem vel er gert varðandi kynjauppeldi í leikskólanum og bæta það sem miður fer. Gera okkur öll meðvitaðri um jafnrétti í uppeldi og að stelpur og strákar hafi jöfn tækifæri. Verkefnisstjóri er Jóhanna Jónsdóttir sérkennslustjóri og faglegur leiðbeinandi er Ingólfur V. Gíslason, dósent við HÍ.



Sjá fylgiskjal 3

Fyrirhugað er að fjórir deildarstjórar, sérkennslustjóri og aðstoðarskólalastjóri fari á ráðstefnu í Stokkhólmi sem nefnist „ En rosa pedagogik „ sem fjallar um kynjauppeldi-jafnrétti í leikskólum. Það eru Reggio samtökin í Stokkhólmi sem halda ráðstefnuna.

- Lögð verður áhersla á læsi hjá öllum börnunum miðað við aldur. Erum komin vel á veg eftir að við settum inn læsisstöð í svæðavinnuna okkar . Efniviður sem við styðjumst við er Sögugrunnurinn, Lubbi finnur málbein, Ljáðu mér eyra og fleiri spil og bækur.
- Áfram verður unnið með Ferilmöppur barnanna. Góð verklýsing er til og deildarstjórar eru ábyrgir að fylgja því eftir .
- Starf elstu barnanna eða Meistarana eins og við köllum þau heldur áfram með svipuðu sniði og undanfarið ár. Aldrei hafa verið jafn fá börn í elsta árganginum og næsta vetur eða 21 barn. Þau verða samt á tveimur deildum og deildarstjórar þeirra vinna saman að því að gera nám þessara barna sem líkast. Góð samvinna er um áherslur varðandi verkefni þeirra. Meistara starf er einu sinni í viku auk þess sem þau fara í hinar ýmsu vettvangsferðir . Einnig mun aðstoðarskólalastjóri stjórna dans og hreyfileikjum einu sinni í viku þar sem allur hópurinn er með. Góð samvinna er milli skólastiga og eru reglulegar heimsóknir í báða skólana Ingunnarskóla og Sæmundarskóla yfir allan veturinn.
- Hér höfum við tileinkað okkur þátttökuaðlögun í fjögur ár og hefur hún gengið mjög vel. Við munum halda því áfram. Í ágúst og september byrja 43 ný börn í skólanum. Flest börnin byrja á tveimur yngstu deildunum eða 34 börn og hin dreifast á eldri deildarnar.
- Skipulagsdagar verða sex og hafa skólarnir í hverfinu sameinast um þrjá þeirra. Sjá skólalagatal 2012-2013 **fylgiskjal 2**
- Ákveðnar hefðir hafa skapast í kringum leikskólalastarfið. Söng og vinastundir kl. 9:00 á föstudögum. Kennarar og aðstoðarskólalastjóri skiptast á að stjórna þeim. Kaffidagar verða á sínum stað bæði foreldra/ afa og ömmukaffi . Einnig bjóðum við í kaffi á konu og bóndadag. Búningagerð v/öskudagsins, sumarhátíð, leitin að jólatrénu, kaffihúsadagurinn og jólaball eru fastar hefðir.

01.09.2012


Opið hús með sýningu á verkum barnanna hefur verið undanfarin ár í maí auk veglegrar útskriftarhátíðar fyrir meistarana. Haldið er uppá afmæli Geislabaugs 13 ágúst.

- Markmið leikskólans er alltaf að gera betur og hafa starfsgleði að leiðarljósi í öllu starfi með börnunum.

Áherslur leikskólans vegna starfsáætlunar Leikskólasviðs

Við munum að sjálfsögðu hafa til hliðsjónar starfsáætlun og áherslur leikskólasviðs í starfi með börnunum.

- Við höldum áfram með þróunarverkefnið: Nú skal segja....
- Við ætlum að byrja á þeirri vinnu að aðlaga námskrána okkar að nýrri aðalnámskrá.
- Við leggjum ríka áherslu á læsi í öllu okkar starfi með börnunum. Mikil áhersla verður lögð á málörvun og skapandi vinnu með tungumálið. Kennarar hafa sótt námskeið og kynnt sér mismunandi efnivið sem notaður er í skipulagðri og markvissri málörvun. Við erum að gera umhverfið enn meira hvetjandi til málörvunar.
- Við höldum áfram að efla okkur í öllu foreldrasamstarfi, menningu og listum og umhverfismennt.
- Við fylgjumst mjög vel með þroska og líðan allra barnanna. Unnið er út frá hugtakinu Snemmtæk íhlutun í góðri samvinnu við foreldra.



01.09.2012

Starfsmannamál

Starfsmannamál / starfsþróun í leikskólanum

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólakennarar	8	6,77	B.ed og ein með master
Grunnskólakennarar	2	2	B.ed
Framhaldskólakennarar	1	1	B.ed
Aðrir uppeldismenntaðir starfsmenn	3	3	Leikskólaliði
Þroskaþjálfarar	2	1,9	B.ed
Starfmenn með háskólapróf án uppeldismenntunar	6	5,54	Ferðamálafræðingur, matreiðslumeistari, fornleifafræðingur, viðskiptafræðingur, sálfræðingur
Starfmenn með menntun á framhaldsskólastigi	6	6	Stúdentspróf
Starfmenn án framhaldskólamenntunar	8	8	

3 starfsmenn eru í fæðingarorlofi.

- Skipulögð starfsþróunarsamtöl eru 1 sinni á ári í febrúar og mars. Hver starfsmaður fær klukkustund með skólastjóra, þar sem unnið er samkvæmt verklagsreglum útgefnunum af starfsmannþjónustu Reykjavíkurborgar. Að öðru leyti eru samskipti skólastjóra við alla starfmenn opin og hreinskiptin og rík áhersla er lögð á mikilvægi góðra samskipta milli allra starfsmanna. **Baktal og kjaftagangur er bannaður í leikskólanum.**

Barnahópurinn

- Fjöldi barna í leikskólanum er 137
- Kynjahlutfall 68 drengir og 69 stúlkur.
- Dvalarstundir 1103
- Fjöldi barna sem njóta sérkennslu 9 börn í samtals 38 klst.
- Fjöldi barna af erlendum uppruna 12 börn.

Foreldrasamvinna

Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.)

Foreldraráð – 3 fulltrúar foreldra eru í foreldraráði og hafa þeir farið yfir námskrá leikskólans og leikskóladagatal fyrir næsta skólaár.

01.09.2012

Foreldrafundir – aðalfundur foreldrafélagsins er venjulega í október og eru oft fengnir fyrirlestrar og ýmis fræðsla.

Foreldraviðtöl – foreldraviðtöl eru í október og apríl og oftast ef óskað er.

Foreldrafélagið hefur í góðri samvinnu við okkur séð um sveitaferð skólans og jólaföndur á hverju ári. Einnig hafa þau stutt skólann með gjöfum s.s. myndavélum, leiksföngum og öðru sem nýst hefur vel. Boðið upp á leiksýningar, tónleika o.fl.

Samstarf leik- og grunnskóla

Sæmundarskóli og Ingunnarskóli eru hverfisskólar Geislabaugs og hefur samstarf verið að þróast alveg frá opnun leikskólans haustið 2004. Elstu börnin fara í reglulegar heimsóknir yfir veturinn og kynnast umhverfi og starfsfólki skólans sem og að hitta gamla vini. Á degi íslenskrar tungu koma nemendur úr Ingunnarskóla og lesa upp úr bókum fyrir börnin í Geislabaugi. Báðir skólarnir bjóða leikskólabörnum á helgileik í Guðríðarkirkju. Einnig koma nemendur í 1 bekk í eina heimsókn til okkar. Á vormánuðum hittast fulltrúar beggja skólastiga og endurmeta og skipuleggja samstarfið.

Almennar upplýsingar: Skipulagsdagar verða : 14 september 2012, 22 október 2012 ,30 nóvember 2012, 21 janúar 2013, 8 mars 2013, og 10 maí 2013.

Fylgirit

- 1. Umsögn foreldraráðs, mun berast eftir sumarfrí en áætlunin verður send til fulltrúana í tölvupósti.
- 2. Leikskóladagatal
- 3. Þróunarverkefni

F. h. Leikskólans Geislabaugs

Ingibjörg Eyfells, skólastjóri

Þóra Jóna Jónatansdóttir , aðstoðarskólastjóri

Jóhanna Kr. Jónsdóttir, sérkennslustjóri